



Reykjavíkurmót kjölbáta

9. maí – 19. september 2017
Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*.

1.2 Keppt verður samkvæmt kappsiglingafyrirmælum Siglingasambands Íslands.

Eftirfarandi fyrirmæli Siglingasambands Íslands gilda ekki: Breyting á RRS reglu 78 um mælibréf

2 HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA

Mótið er opið öllum kjölbátum.

3 ÞÁTTTÖKUGJALD

Áskilin gjöld eru eftirfarandi: 750 kr. á hvern áhafnar meðlim sem greiðist að lokinni hverri umferð sem tekið er þátt í og skal skrá í þar til gerða bók.

Innifalið í þátttökugjaldi er súpa eða pylsa og gos.

4 TÍMAÁÆTLUN

4.1 Fyrsta umferð verður sigld þriðjudaginn 2. maí og verður síðan siglt á hverjum þriðjudegi í sumar. Síðasta umferð verður 19. september.

4.2 Miðað er við að ræsing fari fram sem næst kl. 18:00.

5 MÆLINGAR

Notað verður NHC-forgjafarkerfi. NHC, (National Handicap for Cruisers), er breytileg forgjöf sem er umreiknuð eftir hverja umferð. Notast verður við forritið HAL's Race Results. Hver bátur byrjar með grunnforgjöf eins og hún er skráð á listanum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<http://www.rya.org.uk/racing/pages/nhc.aspx>

Bátur sem hefur þátttöku á miðju móti byrjar með grunnforgjöf skv. listanum.

Uppreiknaður IRC tími verður einnig birtur fyrir þá báta sem eru með IRC forgjöf.

6 SIGLINGAFYRIRMÆLI

Siglingafyrirmæli eru veitt fyrir hverja umferð og skulu tilkynnt á skipstjórafundi viðkomandi umferðar.

7 KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður á Rauðarárvík og Kollafirði.

8 BRAUTIRNAR

Lýsing á braut verður gefin á skipstjórafundi fyrir hverja umferð.

9 STIGAGJÖF

- (a) Þegar færri en 3 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.
- (b) Þegar lokið hefur verið við 4 til 10 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.
- (c) Þegar lokið hefur verið við 11 til 17 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum tveimur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppninni.
- (d) Þegar lokið hefur verið við 18 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum þremur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppninni.

10 FJARSKIPTI

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

11 VERÐLAUN

11.1 Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sætin.

11.2 Verðlaunaafhending fer fram á Lokabroki Siglingafélags Reykjavíkur – Brokeyjar. Lokabrok verður haldið 7.október.

12 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

13 TRYGGINGAR

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

14 TÍMAMÆLINGAR OG RÆSING

Ef meðalvindur á undirbúningstímabili fer yfir 12 m/sek. eða undir 2 m/sek. er keppni frestað eða felld niður.

Áhafnir sjá um tímamælingar. Ef umferð fellur niður færast umsjón með tímamælingum aftur um eina viku:

<i>Nr</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Áhöfn</i>
1	9. maí	Lilja
2	16. maí	Sigurborg
3	23. maí	Besta
4	30. maí	Sigurvon
5	6. júní	Ögrun
6	13. júní	
7	20. júní	
8	27. júní	
9	4. júlí	
10	11. júlí	
11	18. júlí	
12	25. júlí	
13	1. ágúst	
14	8. ágúst	
15	15. ágúst	
16	22. ágúst	
17	29. ágúst	
18	5. september	
19	12. september	
20	19. september	

15

FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar eru veittar á brokey@brokey.is